

Ákvæði til bráðabirgða.

Tjón, sem orðið hafa fyrir 1. janúar 1966, tekur nefndin því aðeins til meðferðar, að fram komi óskir frá váttryggingafélögum um einstök tjón, eða ef sérstök ástæða þykir að öðru leyti til.

Starfsreglur þessar, sem settar eru samkvæmt 76. gr. umferðarlaga nr. 26 2. maí 1958, öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 17. maí 1966.

Jóhann Hafstein.

Ólafur W. Stefánsson.

17. maí 1966.

Nr. 138.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 112 12. ágúst 1949, um breyting á reglugerð nr. 72 24. júní 1937, um gerð og notkun bifreiða.

1. gr.

Við 1. tölulið 1. gr. bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 4. mgr. skal heimilt að nota hvítt endurskinsefni á stafi og rönd skráningamerkja á bifreiðum.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í umferðarlögum nr. 26 2. maí 1958, öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 17. maí 1966.

Jóhann Hafstein.

Ólafur W. Stefánsson.

17. maí 1966.

Nr. 139.

SAMÞYKKT

um breyting á lögreglusamþykkt fyrir Suður-Múlasýslu, nr. 162 30. september 1941, sbr. breytingu nr. 37 18. febrúar 1963.

1. gr.

Aftan við 50. gr. bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Hreppsnefndum er þó heimilt að leyfa yngri unglíngum aðgang að einstökum tilteknum samkomum, sem haldnar eru innan hreppsins, enda mæli barnaverndarnefnd með því hverju sinni. Undanþága þessi nær aðeins til unglínga innan viðkomandi hrepps.

2. gr.

Á eftir 4. málsg. 81. gr. komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Hreppsnefndum er þó heimilt að leyfa yngri unglíngum aðgang að einstökum tilteknum samkomum, sem haldnar eru innan hreppsins, enda mæli barnaverndarnefnd

nefnd með því hverju sinni. Undanþága þessi nær aðeins til unglunga innan viðkomandi hrepps.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt þessi, sem sýslunefnd Suður-Múlasýslu hefur samið og samþykkt samkvæmt lögum nr. 107 8. maí 1935, um lögreglusamþykktir utan kaupstaðanna, staðfestist hér með og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 17. maí 1966.

Jóhann Hafstein.

Ólafur. W. Stefánsson.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Stefáns skólameistara Stefánssonar, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 27. maí 1966.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

Minningarsjóðs Stefáns Stefánssonar skólameistara,

er fæddist 1. ágúst 1863 og andaðist 20. janúar 1921 og var skólameistari Gagnfræðaskólans á Akureyri árin 1908—1921.

1. gr.

Sjóðurinn heitir: Minningarsjóður Stefáns skólameistara Stefánssonar.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður 29. maí 1965 með gjafabréfi gagnfræðinga frá Akureyrar-skóla, er útskrifuðust þaðan þennan dag árið 1915. Var gjafabréfið afhent Menntaskólanum á Akureyri við skólaslit 17. júní 1965, ásamt framlagi frá dóttur Stefáns, frú Huldu skólastýru á Blönduósi, sonardætrum Stefáns, þeim Helgu og Huldu Valtýsdætrum í Reykjavík og loforði um framlag úr Menningarsjóði K.E.A. á Akureyri, — alls samtals eitt hundrað þúsund krónur.

3. gr.

Hlutverk sjóðsins er að efla áhuga nemenda Menntaskólans á Akureyri á náttúrufræðum með því að styrkja þá til framhaldsnáms og rannsókna í þeim vísindum, svo og með því að veita nemendum í efstu bekkjum skólans styrk til náttúru-rannsókna í sumarleyfi.

4. gr.

Tekjur sjóðsins eru vextir eða annar arður af höfuðstól hans. Skal auk þess kappkosta, með ýmsum fjáröflunarleiðum, að auka tekjur sjóðsins og stækka höfuðstól hans, svo fastar árstekjur verði sem mestar.

Gjafir til sjóðsins má ekki nota sem árlegan eyðslueyri, nema gefandi taki það sérstaklega fram, — heldur skulu þær, hverju sinni, lagðar óskertar við höfuðstól sjóðsins.